

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1869.
31. marz.

Með bréfi dagsettu 30. septembermán. f. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá Magnúsi hreppstjóra

um verustaði sína og efnahag yfir höfuð, því bréf bæjarfógetans fór svo laust og óglögg yfir mörg aðalatriði málsins, og hermdi þar að auki svo skakkt frá sumu, að ekki var hægt að byggja á því nokkurn úrskurð.

Það má nú í þessu máli álita sýnt og sannað, að Jón snikkari Tómasson settist að á Akureyri 29. maímán. 1851 og var þar upp frá því stöðugt í 10 ár; veturinn 1860—61 fótbrotnaði Jón og lá lengi veikur, var honum þá lánað af fátækrafé hins fyrra Hrafnagilshrepps 31 rd. 16 sk., en hann þverneitar, að hann sjálfur hafi bedið um styrk þenna, og segir, að læknir Finsen muni hafa útvegað sér hann, en hann kveðst hafa þegið styrkinn, þegar hreppstjóri hafi boðið sér hann fram, með því skilyrði, að styrkurinn væri ekki innfærður í sveitarreikninginn fyrir sardaga 1861, en hétu privat lán frá Ólafi hreppstjóra, er hann ætlaði sér að skila aptur, og er ekki hægt að fá vissu fyrir því, hvort lánið var veitt í marz, april eða maí mánuði 1861. En fremur er það upplýst, að Jón á þeim tíma, er lánið var veitt, átti íveruhús, kú og nauðsynleg smídatól, sem voru frá 40—50 rd. virði.

Það, sem nú ræður úrslitum þessa máls, er það atriði, hvort lán það, sem Jóni var boðið og hann þáði, er réttnefndur og réttveittur sveitarstyrkur, því ella getur lánið ekki tálmað því, að Jón áynni sér sveit með veru sinni á Akureyri í hinum fyrri Hrafnagilshrepp. Í þessu atriði kemur þá til ihugunar grundvallarregla sú, sem tekin er fram í 9. grein reglugjörðar 8. janúar 1834 smbr. 4. og 6. grein, og virðist þá lán þetta hafa verið veitt alveg gegn reglum þeim, sem settar eru um að veita öðrum fátækrastrýk, þaræð hvorki er leitast eftir eður grennslast um, hvort vinir Jóns eður vandamenn vildi eður gæti styrkt hann, engin rannsókn um ástand hans er gjörð af sveitarstjórninni, heldur er lánið veitt eins og úti bláinn gagnstætt lögum, sjá 9. grein í reglugjörð 8. jan. 1834; hér við bætist nú, að ekki sézt, að lánsins hafi verið opinberlega krafist af fæðingarsveit Jóns, Helgastadhrepp,

1869.
31. marz.

Jónssyni á Ytraálandi, þar sem úrskurði yðar 24. marzmán. s. á., er ákveður, að stúlkan Ingibjörg Bjarnadóttir skuli frá 16. aldursári sínu álitin sveitlæg á Svalbarðshrepp í Þingeyjarsýslu, er skotið til dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að úrskurður sá, sem þér hafið lagt á málið, skal standa óraskaður.¹

sem einmitt þó átti að vera, ef hlutaðeigendur vildu fá það endurgoldið, þar sem það var veitt af fátækrafé.

Með því nú Jón snikkari Tómasson hefir dvalið samfleytt 10 ár á Akureyri, eður frá 29. maí 1851 til sama tíma 1861, og ekki á þessu tímabili þegið neinn löglega veittan sveitarstyrk, sem tálmað geti honum frá að vinna sér framfærissrét. úrskurðast hann með hyski sínu, samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834 6. grein og með hliðsjón af dómsmálastjórnarbréfum frá 2. sept. 1858 og 17. sept. 1867 sveitlægur í Akureyrar kaupstað, smbr. samning um fjáraðskilnað frá 17. apríl 1863 milli Hrafnagilshrepps og Akureyrar kaupstaðar.

1) Úrskurður amtmannsins er svo látandi:

Í bréfi frá 28. janúar þ. á. hefir hreppstjórinn í Presthólahrepp áfrýjað úrskurði kanselliráðs Th. Johnsens frá 24. okt. 1865, sem ákveður, að stúlkan Ingibjörg Bjarnadóttir skuli vera sveitlæg í Presthólahrepp, jafnvel þó móðir hennar, það ár, sem hún ól barnið, væri vistráðið hjú á Sjávarlandi í Svalbarðshrepp.

Það má nú í þessu máli álíta fullsannað, að móðir Ingibjargar, Arndýs, var lögráðið hjú Gísla bónda á Sjávarlandi í Svalbarðshrepp það ár, sem Ingibjörg fæddist, og að hreppstjórinn í Svalbarðshrepp, gagnstætt lögum, reif hana upp úr vistinni og flutti hana um haustið eða að hálfnuðu vistarárinu inn í Presthólahrepp.

Eins og það nú er lögbannað, sjá kansellibréf frá 19. ágúst 1820, að reka stúlkur, þótt þær annaðhvort komi í vistina óléttar, eða verði þar vansærar, úr vistinni, þannig bakar það hlutaðeiganda hreppstjóra ábyrgð og lögsókn, ef þeir eru ollandí, að slíkar persónur af þeim ástæðum missa umsamdrar vistar.

Með því nú Arndýs, móðir Ingibjargar Bjarnadóttur, var vistráðið hjú á Sjávarlandi, árið sama og hún ól Ingibjörgu, og alveg lögum gagnstætt var rifin upp úr vistinni og flutt á Presthólahrepp,